



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2015

Upplýsingar um uppruna Rauðs kóresks ginsengs

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Eggerts Kristjánssonar hf., dags. 9. júlí 2014, óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við kvörtun Eðalvara ehf. yfir upplýsingum um uppruna vörunnar Rautt kóreskt ginseng.

Í bréfi Neytendastofu er rakið að með úrskurði áfrýjunarnefnda neytendamála, þann 12. júní 2013, í sameinuðum málum 20/2012 og 22/2012 hafi Neytendastofu verið send til nýrrar efnismeðferðar kvörtun Eðalvara yfir upplýsingum um uppruna Rauðs kóresks ginsengs frá Eggerti Kristjánssyni.

Vegna mikils málafjölda og niðurskurðar hjá stofnuninni hafi ekki verið unnt að taka málið upp fyrr en nú. Endurupptaka málsins einskorðist við upplýsingar um uppruna vörunnar enda liggi fyrir endanleg niðurstaða um útlit þeirra að öðru leyti.

Til grundvallar málsins séu úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála í sameinuðum málum 20/2012 og 22/2012. Vísi stofnunin í því sambandi sérstaklega til málsgreina nr. 23, 56, 80-82, 98, 103 og 116-120. Meðfylgjandi bréfinu séu jafnframt fylgigögn sem send hafi verið áfrýjunarnefnd neytendamála sem hluti af kæru Eðalvara á ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2012.

Í bréfinu kemur fram að Neytendastofa telji ákvæði 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, geta átt við um kvörtunina.

2.

Svar Eggerts Kristjánssonar barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 18. ágúst 2014, þar sem stofnuninni voru send gögn frá KARFI (KOREAN ANALYTICAL TECHNIQUE RESEARCH INSTITUTE) til staðfestingar því að ginsengið sem Eggert Kristjánsson selji og



framleitt sé af GNF inc. í Suður-Kóreu sé Rautt kóreskt ginseng. Umrædd gögn, svonefnt Certificate of analysis sé frá árinu 2008 og annað eins frá árinu 2013.

Forstjóri GNF sé mjög miður sín að þetta mál sé enn í gangi og segi það algerlega fráleitt að notað sé annað en kóreskt Rautt ginseng þar sem varan sé framleidd í Suður-Kóreu. Þó ekki væri nema vegna þess að innflutningstollar séu svimandi háir ef flytja ætti inn Rautt kínverskt ginseng til Suður-Kóreu auk þess sem að kóreska MFDS (FDA) yrði að rannsaka innihaldið og notkunaráætlun með miklum kostnaði. Þó verð á kínversku ginsengi sé rétt innan við 50% ódýrara en gæða Rautt kóreskt ginseng þá séu tollar það háir að engin rök séu fyrir því að nota kínverskt ginseng í framleiðsluna líkt og haldið sé fram.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 19. ágúst 2014, var Eðalvörum sent bréf Eggerts Kristjánssonar til umsagnar. Neytendastofu bárust athugasemdir Eðalvara með tölvubréfi, dags. 25. ágúst 2014, þar sem segir m.a. að bréfi Neytendastofu frá 9. júlí 2014 sé ósvarað af hálfu Eggerts Kristjánssonar.

Í bréfinu segir jafnframt að Korean Ginseng Corp sé með einkaleyfasamning við yfir 70% bænda í Suður-Kóreu og ef GNF sé ekki með neina samninga við bændur kaupi þeir hráefnið á frjálsum markaði þar sem ginseng frá ýmsum landsvæðum og löndum sé selt en vilji þeir sérstaka tegund fái þeir upprunavottorð með vörunni. Það séu síðan yfirvöld sem gefi út ræktunar- og upprunavottorð. Það sé í öllum tilvikum ginsengið sem sé núna á Íslandi sem sé til skoðunar. Allt þetta hafi verið lagt fram fyrir Rautt Eðal Ginseng, sem Eðalvörur selji. GNF, framleiðandi Rauðs kóresks ginsengs, hafi lagt fram ótal upplýsingar, bæði á vefsíðum og bæklingum, um að varan sé ræktuð á svæði sem nái frá 33. gráðu til 48. gráðu norðlægrar breiddar. Það sé Eggerts Kristjánssonar að sanna hvaðan vara sem nú sé seld á Íslandi sé upprunnin.

4.

Með bréfi Neytendastofu til Eggerts Kristjánssonar, dags. 27. ágúst 2014, óskaði stofnunin eftir nánari upplýsingum um vöruna Rautt kóreskt ginseng, sérstaklega varðandi það hvort ginsengsróttin sem varan sé unnin úr sé ræktuð í Kóreu eða hvort hún sé unnin og pökkuð í Kóreu. Eggerti Kristjánssyni voru jafnframt sendar athugasemdir Eðalvara. Ekkert svar barst og var beiðnin ítrekuð með bréfi Neytendastofu, dags. 16. september 2014.

Með tölvubréfum Eggerts Kristjánssonar, dags. 24. og 26. september 2014, voru Neytendastofu send annars vegar gögn, svonefnt „Certificate of Analysis“ og hins vegar „Certificate of Origin“ fyrir vöruna.

5.

Eðalvörum voru send tölvubréf Eggerts Kristjánssonar til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 2. október 2014. Svör bárust stofnuninni með tölvubréfum Eðalvara, dags. 2., 6., 8. og



13. október 2014. Í bréfunum kemur fram að vottorðin sýni að vörunni sé pakkað í Kóreu og hún flutt þaðan út. Allir lögaðilar sem kaupir kóreskt ginseng fái vottorð frá kóresku bændasamtökunum, sem hægt sé að framvísa. Þá koma fram athugasemdir um að umrædd gögn séu keypt af GNF og varan kölluð „Korean Red Ginseng“ en sjálf rannsóknin beinist þó aðeins að einu innihaldsefni, sem allt ginseng innihaldi þ.m.t. japanskt, kóreskt, kínverskt og jafnvel amerískt. Rannsóknin sýni því ekkert um uppruna vörunnar eins og ókunnugir mættu ætla.

Með tölvubréfunum fylgdu gögn sem af hálfu Eðalvara sýni meðal annars ræktunarsvæði vöru þeirrar sem seld sé á Íslandi. Þessum upplýsingum beri fyllilega saman við fjölmargar upplýsingar frá Eggerti Kristjánssyni. Í nefndum texta sé vörunni engu að síður lýst með nákvæmlega sömu eiginleikum og Rautt Eðal Ginseng, sem ræktað sé á öðrum stað og skilgreina megi sem vörusvik.

Kóreskt ginseng sé mun dýrara en kínverskt aðallega af efnafræðilegum og veðurfarslegum ástæðum. Ef ginseng sé keypt í Kóreu fylgi því viðeigandi vottorð, því það sé dýrara. Hins vegar sé hægt að kaupa ginseng á almennum markaði og það sé mun ódýrara þó greiddir séu innflutningstollar. Allt bendi til þess að Rautt kóreskt ginseng sé unnið úr slíku hráefni.

Ekki sé deilt um að varan sé flutt út frá Suður-Kóreu þó strikamerki vörunnar séu íslensk sem bendi til að hún sé ekki seld í þessu formi annarsstaðar í heiminum, eins og löngu hafi komið fram. Ekki sé því að vænta neinna annarra upplýsinga frá tollinum.

Á sínum tíma hafi verið tekin upp evrópsk tilskipun sem bæði Þjóðverjar og Bretar hafi fengið undanþágur frá, sem skipti náttúruvörum í fæðubótaefni annars vegar og náttúruylf hins vegar. Umsjón með þessu hafi verið hjá Lyfjaeftirliti en fæðubótaefnin hafi öll verið flutt til Matvælastofnunar. Varan sem Eðalvörur selji sé seld sem lyf í stórum Evrópulöndum eins og Spáni og Þýskalandi en íslenski markaðurinn sé of lítill til að bera margar milljónir í lyfjaskráningargjöld. Þessa holu hafi Eggert Kristjánsson nýtt sér til að líkja eftir vöru Eðalvara.

6.

Tölvubréf Eðalvara voru send Eggerti Kristjánssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. október 2014. Í bréfinu var sérstaklega tekið fram að athugasemdir Eðalvara lúti m.a. að því að vottorðin gefi einungis til kynna hvar varan hafi verið pökkuð og flutt út og óskað sé eftir gögnum sem tengi þá vöru sem nú sé til sölu í verslunum við ræktunarsvæði í Kóreu. Þá hafi verið ítrekuð gögn sem vísi til upplýsinga í kynningarbæklingi GNF og Eggerts Kristjánssonar þar sem tilgreint sé á hvaða breiddargráðum ginsengið sé ræktað, sem vísi ekki til Kóreu.

Með tölvubréfi, dags. 10. nóvember 2014, var Neytendastofu sent skjalið „Confirmation of ginseng root“ merkt 10. nóvember 2014.



Með bréfi Neytendastofu til Eggerts Kristjánssonar, dags. 20. nóvember 2014, fór Neytendastofa fram á að fá þýðingu vottorðsins annað hvort á íslensku eða ensku ætti það að teljast hluti af gögnum málsins, þar sem vottorðið væri á kóresku.

Neytendastofu var send þýðing vottorðsins með tölvubréfi Eggerts Kristjánssonar, dags. 9. desember 2014.

7.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. desember 2014, var Eðalvörum sent afrit af tölvubréfi Eggerts Kristjánssonar til upplýsingar. Í bréfinu var tilkynnt um lok gagnaöflunar málsins.

Með tölvubréfum Eðalvara, dags. 12. maí, 22. maí, 15. júní, 24. júní, 3. júlí, 14. júlí, 17. júlí, 24. ágúst og 22. september 2015, voru ítrekaðar athugasemdir félagsins við skýringar Eggerts Kristjánssonar og ítrekuð sjónarmið Eðalvara í málinu. Þá var þess óskað að Neytendastofa flýtti afgreiðslu málsins.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu er til umfjöllunar hvort varan Rautt kóreskt ginseng frá Eggerti Kristjánssyni hf. sé unnin úr ginsengsrót sem ræktuð er í Kóreu. Af hálfu Eðalvara hefur verið til þess vísað að mismunur sé á upplýsingum í gögnum frá GNF, framleiðanda vörunnar, og gögnum frá Eggerti Kristjánssyni. Þá komi í gögnum um vöruna fram að hún sé ræktuð á svæði sem náir frá 33. gráðu til 48. gráðu norðlægrar breiddar. Varan geti því ekki verið ræktuð í Kóreu.

Af hálfu Eggerts Kristjánssonar er athugasemdum Eðalvara hafnað og hafa verið lögð fram vottorð til staðfestingar ræktun ginsengsrótarinnar.

Í gögnum málsins hefur Neytendastofa vísað til þess að stofnunin telji ákvæði 5. gr., 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, geta átt við um kvörtunina

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 segir að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Í umfjöllun um ákvæðið segir að upplýsingar sem fram komi í auglýsingum eða öðrum viðskiptaaðferðum geti talist brot á ákvæðinu enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr., sem einnig er í III. kafla, er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Í gögnum málsins, sbr. meðal annars í tölvubréfi Eðalvara til Neytendastofu þann 26. apríl 2011, er rakið að mjög ólíklegt sé að ginseng í Rauðu kóresku ginsengi sé ræktað í Kóreu og



til þess séu mjög margar vísbendingar. Í fyrsta lagi sé kóreskt ginseng mun dýrara en kínverskt ginseng og varla fari menn að kosta meiru en þurfi í eftirlíkingar. Í öðru lagi sé ýmis smáfyrirtæki í Kóreu að kaupa ginseng frá Kína og flytja út frá Kóreu til Vesturlanda. Í þriðja lagi hafi Eggert Kristjánsson sagt á heimasíðu sinni og eins í bæklingum að varan sem fyrirtækið selji sé ræktað á svæði frá 33.-48. gráðu norðlægrar breiddar. Í fjórða lagi hafi fyrirsvarsmaður Eðalvara spurst fyrir um þessa vöru í Kóreu án árangurs. Í fimmta lagi sé heimasíða framleiðanda Rauðs kóresks ginsengs einungis á japönsku og ensku.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 ber fyrirtækjum að geta fært sönnur á allar fullyrðinga sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti. Upplýsingar í heiti vörunnar um að hún sé kóresk fellur þar undir og ber Eggerti Kristjánssyni því að geta fært sönnur á fullyrðinguna. Orðalag ákvæðisins leiðir líka til þess að það er fyrirtækis sem heldur einhverju fram um vöru eða þjónustu að færa sönnur fyrir fullyrðingunni en ekki Neytendastofu, eða annarra, að færa sönnur á hið gagnstæða. Þannig hvílir sönnunarkrafa í þessu tilfelli á Eggerti Kristjánssyni en ekki á Neytendastofu um að varan sé frá Kóreu, eða að Eðalvörur sýni fram á hið gagnstæða.

Þau atriði sem nefnd hafa verið í gögnum Eðalvara gefa að mati Neytendastofu tilefni til þess að kallað sé eftir upplýsingum um uppruna vörunnar. Í lögum nr. 57/2005 er ekki gerð krafa um að vörur séu merktar með upprunalandi en Neytendastofa hefur tekið til meðferðar mál þar sem til álita hefur komið hvort neytendum séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um uppruna vöru. Þannig geta það talist villandi viðskiptahættir ef gefið er til kynna að vörur hafi tiltekinn uppruna sem þær gera ekki eða ef merkingar hafa tilvísun til tiltekins uppruna án þess að fram komi að varan hafi annan uppruna.

Meðal gagna málsins eru svonefnd „Certificate of Analysis“ og hins vegar svokölluð „Certificate of Origin“ sem lögð voru fram af Eggerti Kristjánssyni. Hin fyrrnefndu vottorð eru til staðfestingar á því að varan innihaldi tiltekin virk efni og hafa ekki þýðingu við úrlausn þessa máls. Síðarnefndu vottorðin, þ.e. upprunavottorðin, sýna hins vegar hvaðan varan er upprunnin. Af hálfu Eggerts Kristjánssonar hafa verið lögð fram upprunavottorð dagsett 28. ágúst 2013 og 25. september 2014 sem bæði tilgreina að varan sé ræktað í Kóreu.

Af hálfu Eðalvara hefur ekki verið gerð athugasemd við efnisinnihald upprunavottorða en gerð krafa um að rannsókn málsins beinist að því að Eggerti Kristjánssyni verði gert að sýna fram á að hver og ein framleiðslulota vörunnar eigi raunverulegan uppruna frá Kóreu og að í því sambandi verði litið aftur til þess tíma sem upphafleg kvörtun var send Neytendastofu.

Samkvæmt rannsóknarreglu stjórnslulaga, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993, skal stjórnvald sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Eins og áður segir taldi Neytendastofa þær röksemdir sem færðar voru fram af hálfu Eðalvara veitt tilefni til þess að málið yrði tekið til meðferðar, þótt upphafleg afstaða stofnunarinnar hafi verið sú að sú meðferð yrði í höndum stofnana sem hafa með höndum matvælaeftirlit. Neytendastofa telur



Þó ekkert hafa komið fram í málinu eftir að lögð hafa verið fram upprunavottorð sem gefur tilefni til að kalla eftir frekari eða eldri gögnum um uppruna vörunnar að því er lýtur að einstökum framleiðslulotum, enda var varan í sölu hérlendis á þeim tíma þegar vottorðin voru gefin út. Neytendastofa telur því næg gögn fram komin til þess að unnt sé að taka ákvörðun í málinu.

Af hálfu Eðalvara er einnig bent á að í upplýsingum á heimasíðu Eggerts Kristjánssonar og í bæklingi framleiðanda vörunnar komi fram að hún sé ræktuð á tilgreindu stærra landsvæði en Kóreu, þ.e. frá 33. – 48. gráðu norðlægrar breiddar. Ræktun á ginseng byggir á aldagamalli hefð þess landssvæðis sem vísað hefur verið til af aðilum máls. Ljóst er að innan tilgreindrar breiddargráðu er allur Kóreaskaginn þó þar sé einnig hluti Kína. Í máli þessu hafa verið lögð fram gögn sem sýna að mati Neytendastofu að uppruni vörunnar er kóreskur og telur Neytendastofa umrædda tilgreiningu á ræktunarsvæðinu ekki breyta þeirri niðurstöðu stofnunarinnar að leggja verði til grundvallar að varan sé upprunnin í Kóreu, eins og umrædd gögn bera með sér.

Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar í tilefni notkunar Eggerts Kristjánssonar á heitinu Rautt kóreskt ginseng.

IV. Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 5. október 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir